

Leiðarvísir fyrir birtingu á afrakstri listrannsókna

Samkvæmt afstöðu skólans, samþykktri í fagráði á haustönn 2015, er gert ráð fyrir að afrakstur listrannsókna sé í öllum tilfellum tvennskonar í senn: annars vegar verk og hinsvegar greinandi umfjöllun (e. critical reflection). Til að afrakstur geti talist listrannsókn getur þetta tvennt ekki skilist í sundur.

Farvegur fyrir miðlun verka er menningarvettvangurinn sjálfur, listastofnanir hans og grasrót, sem ekki þarf að skilgreina nánar. Farvegur fyrir miðlun greinandi umfjöllunar er hinsvegar í þróun og undirbýr skólinn nú rafrænan vettvang, með hliðsjón af fyrirmyndum annarra listaháskóla sem við berum okkur saman við (sjá t.d. [Journal of Artistic Research](#) og [PARSE Journal](#).)

Greinandi umfjöllun um listrannsóknarferli felur í sér meira en einfalda skrásetningu eða lýsingu á verki. Í henni setur viðkomandi fram rannsóknarviðfangsefni sitt, glímir við spurningar og veltir upp álitamálum, og dregur fram þá þekkingu sem verður til í listsköpunarferlinu. Umfjöllunin skal innihalda:

1. Viðfangsefni rannsóknar. Um hvað snýst verkefnið?
2. Aðferðir, tækni og form sem verkið er unnið í. Lýsing á þeim listrænu aðferðum og ákvarðanatöku sem viðkomandi hefur tileinkað sér í sinni listsköpun, eða blöndu af þessu og fræðilegum aðferðum.
3. Samhengi viðfangsefnis og ytri vísanir þess, t.d. samfélagsleg, listræn eða fræðileg álitamál.
4. Gerð er grein fyrir nýrri þekkingu, nýrri innsýn, nýrri nálgun eða nýrri túlkun á viðfangsefninu.